

# hér & nú

Fimmtudagur 7. desember 2006 – 48. töl.  
– 2. árgangur. Verð: 395 krónur.

ÁÐEINS  
**395**  
KRÓNUR



*Halla Vilhjálmsdóttir*  
í X-Factor um ástina á Kristjání Ra

**SEX**  
KÍLÓ FARIN

**ELÍN REYNIS**  
FÖRÐUNARDAMA  
FRÆGA FÓLKSINS



# TILHUGSUNIN UM BRÚÐKAUP PÍNLEG



**MARGRÉT  
BLÓNDAL**  
STOLT AF  
ÖMMU-  
STRÁKNUM



**STYÐJA  
STRÁKANA**  
KONURNAR Á  
BAK VIÐ  
STEBBA  
OG EYFA



**SVEINKI  
Í DJÖRFUM  
DANSI**



# SÖNGNÁ



María Björk  
Skólastjóri/Kennari



Regína Ósk  
Yfirkennari/Kennari



Þóra  
Söngkona/Kennari

## VORÖNN

### Gefðu gjafabréf

Á vorönn verður boðið upp á  
**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framfarir  
**Unglingar:** Byrjenda- og framfarir  
**Fullorðnir:** Byrjenda- og framfarir

Aldursskiptir hópar. Haldnir vinnu- og nemendur fá upptöku með s

Markmið söngkennslunnar er  
raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og  
Skólinn leitast við að veita nemendur  
fram opinberlega, svo sem við  
og á öðrum vettvangi. Skólinn er  
starfslið sem eru atvinnumennt



Hera Björk  
Söngkona/Kennari



Jónsi  
Söngvari/Kennari



Erna Hrönn  
Leikari/Kennari



Sessý  
Söngkona/Kennari



Sara Dís  
Söngkona/Kennari



Guðrún Árný  
Söngkona/Kennari



Bryndís  
Leikari/Kennari



Tinna  
Leikari/Kennari



## LEIKLIST!

Núna bjóðum við einnig  
upp á leiklistarkennslu.

# NÁMSKEIÐ

## ÞEYGINN ER AÐ HEFJAST

Ókeypis í jólagjöf!

Ókeypis á:  
- 1. og framhaldsnámskeið  
- Framhaldsnámskeið  
- Framhaldsnámskeið.

Þú getur verið tónleikar á námskeiðinu og  
þú getur söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Þú getur að þjálfar nemendur í túlkun,  
söng og framkomu.

Þú getur nemendum sínum tækifæri til að koma  
söng sínum við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi  
og þú getur leitast við að hafa sérþjálfað  
nemendur þína á hver á sínu sviði.

Söngskólinn er  
alltaf í leit að  
hæfileikaríku fólki

GESTIR Á  
NÁMSKEIÐI  
Magni og  
Sigga Beinteins



Söngvaborg  
kemur í  
heimsókn  
til yngstu  
krakkana.

# Söngskóli

MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:

Sími: 588 1111, 696 0771 & 897 7922

E-mail: [aria@islandia.is](mailto:aria@islandia.is)

# Skýr



## Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringaríkt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.

KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirumi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



**FEGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA**

# hér&nú

## Engir stjörustælar

„Ég hef aldrei lent í neinum með stjörustæla. Held að þeir sem hafa komist langt séu með minnstu stjörustælana. Það er þannig bæði hérlendis og erlendis. Fólk er mannlegt og ekki síður ef það hefur náð árangri í lífinu. Ekta stjórnur eru ekki með stjörustæla,“ segir Elín Reynisdóttir aðspurð um fræga fólkið sem hún hefur farðað í gegnum tíðina. Hún er einn af þeim viðmælendum mínum sem eru áberandi jákvæðir. Það sem gladdi mig mest í fari hennar var að hún leggur sig stöðugt fram við að virkja mátt jákvæðinnar.

„Heldur betur er ég komin í jólasþap en ég var svo upptekin í fyrra við æfingar og sýningar á Túsíldingsóperunni að ég er eiginlega í tvöföldu jólasþapi núna. Ég er rosalega mikil þabbastelpa og mamma er besta vinkona mín svo ég ætla að eyða eins miklum tíma með þeim og ég mögulega get,“ segir Halla Vilhjálmisdóttir sem þrýðir forsiðu Hér & nú þessa vikuna. Þótti gaman að uppgötva að hún er laus við alla stjörustæla og er meðvituð um að það þarf að rækta ástina og kærleikann með aðgerðum og að tilfinningar þarf að tjá til að þær öðlist líf.

Elly Ármanns



28-30



10-11



34-37



19



HRINGDU INN  
PARTÍ EÐA FRÉTT  
**550 50 70**

Er veisla framundan? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Hringdu í Hér & nú ef þú lumar á fréttaskoti. Fréttaskotssím-svarinn okkar er 550 5070. Láttu í þér heyra og þú gættir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

FRÉTTASKOT

Láttu  
vita!



hér&nú

## EFNISYFIRLIT

6-7 **hér&nú** STJÖRNUR

Selma og Hansa buðu konum í útgáfuteið sitt.

8

Frægir svara í símann á degi rauða nefnsins og jólagleði Eddu útgáfu.

10-11

Ragnheiður Guðfinna, Helga Thorberg, Sæunn alþingismaður og Snooze eru komin í jólasþap.

12

Ídol-stjarnan Snorri Snorrason og fjöl-skylda leyfðu Hér & nú að upplifa jóla-stemningu fjölskyldunnar.

14

Tónleikar Stebba og Eyfa í Borgarleik-húsinu.

16

Védis Hervör syngur yfir hátíðarnar.

18 **hér&nú** LÍFSSTÍLL

Fallegar konur í glæsilegum jólaþjól-um.

19

Margrét Blöndal er komin í jólasþap.

20

Innlit hjá Brynhildi Þórarinsdóttur.

22-27

Erlendir molar eins og þeir gerast bestir.

28-30

Halla Vilhjálm, kynnrir í X-Factor, í for-síðuviðtali Hér & nú.

32

Kolbrún Pálína fræðir okkur um jóla-förðun.

34-37

Elín Reynisdóttir stjörnusminka í ein-lægu viðtali.

40

Geiri og fallegar systur á tónleikum.

42

Krossgáta Hér & nú.

44

Stjörnusþá Hér & nú fyrir vikuna fram-undan.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar  
Útgefandi Freyr Einarsson ábm  
Ritstjóri Elly Ármannsdóttir elly@365.is  
Ritstjórn Hanna Eiríksdóttir  
hanna@hognu.is  
Índiana Ása Hreinsdóttir indiana@hognu.is  
Hér & nú Skafthlíð 24, 105 Rvík,  
sími: 550 5000.  
Fax Auglýsingar: 515 7599  
– Ritstjórn: 550 5075.  
Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is  
– Auglýsingar: auglysingar@hognu.is.  
Umbrot 365 – prentmiðlar.  
Prentvinnsla Ísafoldarprentsmiðja.  
Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagna-bönkum án endurgjalds.

# KONUR FAGNA MEÐ SELMU OG HÖNSU

Selma Björnsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir buðu eingöngu konum í veislu í tilefni af því að þær eru nýbúnar að senda frá sér sína aðra plötu saman, Sögur af konum.

Platan þeirra geymir eingöngu ný lög og texta eftir íslenskar konur og yrkisefnið er konan, tilfinningar hennar og lífsreynsla. Hér & nú leit við í kvennateitið sem haldið var á skemmtistaðnum Rex.



Hónsa og Selma.



Elin Edda og Ragnhildur Gísladóttir.



Guðrún Erlendsdóttir, móðir Hónsa, og Guðrún Sesselja, systir Hónsa, ásamt Ragnheiður Elínu Clausen.

Lísmynir: Heiða Helgadóttir

## hér&nú KROSSGÁTAN

Lausn á krossgátu síðustu viku NR. 16

	16	SJÁVAR- SPENDUR TVEIR EINS MUNNUR SAMTÖK SLABB SYNI Ú R T A K SANN- FRÆINGAR SPIRA T R Ú A R HEÐ SKEL Á S L A G U D W ANDMÉLI STAKT MAS NÚLL ABÓT LÍTID LÍFÆRI K EINS UM B MED- VITUNDAR- LEYSI DRUGGUR EINS UM R S R S SLÁ SYKN R Á LOFT- TEGUND E T A N J SAMPYKKI 500 A R R S HOLA V TÍMABLIÐ (AFURÁ- BAKI)																			
	MP & BH																				
	YFI- STÉTT																				
	SKÓL																				



Nína Dögg Filippusdóttir, Sunna Jóhannsdóttir og Bylgja Scheving.



Dögg Gunnarsdóttir, Birna Björnsdóttir og Kolbrún Sigfúsdóttir.



Elín Edda, leikmynda- og búningahöfundur, Lára Stefánsdóttir, danshöfundur og leikstjóri, og Edda Arnljótsdóttir leikari.



Hulda, Hreindís, Þórdís, Ágústa Skúladóttir og Þórunn Lárusdóttir.



Ragnheiður Torfadóttir og Melkorka Tekla Ólafsdóttir.



Leikkonurnar Brynhildur Guðjónsdóttir og Halldóra Geirharósdóttir.



Bergljót Halldórsdóttir lífeindafræðingur, Helga Torfadóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Þórhallsdóttir verkfræðingur.



Birna Bragadóttir flugfreyja og dóttirin Salka.



Svanhildur og Hanna mættu í veisluna á Rex.

# Smoothie

FYRIR FÓLK SEM STUNDAR HEILBRIGÐAN LÍFSTÍL



hollur og góður drykkur með hágæða próteinum  
Heilsudrykkur sem byggir á hollustu KEA skyrans  
áar hitaeningar, náttúrulegri trefjar og án allra sætuefna  
Heilsudrykkur

# STJÖRNURNAR

## LÖGÐU SITT AF MÖRKUM

Í kringum 100 manns sátu í þjónustuveri Vodafone allt föstudagskvöldið og tóku við símtölum vegna landssöfnunar UNICEF (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna). Í kringum 60 starfsmenn frá Vodafone komu að verkefninu, bæði tæknimenn sem voru á vakt allt kvöldið og eins starfsfólk úr hinum ýmsu deildum sem sat við simann og skráði nýja heimsfor-

eldra UNICEF. Auk þeirra komu þjóðþekktir einstaklingar í þjónustuverið og lögðu sitt af mörkum við söfnunina.

Haft var á orði að sjaldan hefði myndast jafnskemmtileg stemning í þjónustuverinu enda málefnið gott og góður árangur hafði náðst þegar söfnuninni lauk.



Logi Bergmann og Unnur Birna létu sitt ekki eftir liggja og mættu í höfuðstöðvar Vodafone.



Vala Matt og Óskar Jónasson gáfu sér tíma til að gæla við ljósmyndarann þrátt fyrir annir.



Felix Bergsson og Friðrik Ómar söngvarar svöruðu óteljandi símtölum þetta kvöld.



Guðmundur Jónsson og Björgólfur Takefusa stilltu sér upp með glöðu geði.

# JÓLASTUÐ Í ÚTGÁFUPARTÍI EDDU

Glæði ríkti í útgáfupartíi hjá Eddu. Margt var um manninn og fólk spennt fyrir jólabókaflóðið framundan.



Harpa Guðmundsdóttir, Gerður Kristný og Sigrún Eldjárn.

Borgarfulltrúinn og rithöfundurinn Oddný Sturludóttir í miklu stuði hjá Eddu.



Ármann og Sverrir Jakobssynir í faðmi Sigurðar Svavars hjá Eddu.



Herdís Egilsdóttir og Elín Pálmadóttir brostu fallegu brosi fyrir ljósmyndara.




Viðar Þorsteinsson útgáfustjóri hjá Nýhil og rithöfundurinn og listamaðurinn Hallgrímur Helgason ásamt Sölva Birni Sveinssyni rithöfundu frá Selfossi.



Börn

Snyrtivörur



Skálasett  
3.990 kr.




Náttsloppur  
9.990 kr.

Dömur

Herrar

## Jólin: Til þín frá mér

Úrvalið af fallegri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið, hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í eka jólaskap.



Þjóstahaldarar  
frá 2.990 kr.

Nærbuxur  
frá 1.190 kr



Galli með húfu  
1.990 kr.

Skór 1.190 kr.

Jólasmekkir  
2 í pakka 899 kr.

# DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



Alltátt

# GLEÐISTUND ÞEGAR KVEIKT ER Á FYRSTA KERTINU

Ég er voða skotin í jólonum og hef alltaf verið algjört jólabarn,“ svarar Ragnheiður Guðfinna Guðna-dóttir þegar við spyrjum hana út í jólín og tilfinninguna sem fylgir þeim. „Ég skreytti til dæmis jóla-tréð í byrjun nóvember. Sonur minn Tristan virðist hafa erfð jólagenin frá mér því hann elskar þennan tíma og við hlustum á jólalög daginn út og inn. Móðir mín safnar jólasöngfígúrum og Tristan er sífellt að láta þær syngja. Það er bara eins og það sé heill kór inni í stofu stundum,“ segir hún hlæjandi.

„Ilmkerti eru nauðsynleg í desember og þá með kanil- og eplalím,“ segir Ragnheiður og brosir hlýtt til Tristans og bætir við að hún vilji helst hafa kveikt á kertunum frá því hún kemur heim úr vinnu og þar til hún fer að sofa: „Það er eitthvað svo róandi.“

**Búa til aðventukrans úr deigi**  
„Ég féll alveg fyrir svörtu, hvítu og rauðu sem blöndu þessi jólín.

Ég fór í EGG og keypti allt jóla-skrautið þetta árið, enda full búð af geggjúðum vörum sem hægt er að nota allan ársins hring þegar maður tekur í burt jólakúlurnar og annað tengt jólonum. Tristan Gylfi býr alltaf til aðventukrans úr deigi og kemur með heim úr leikskólanum í síðustu vikunni í nóvember og er það sannkölluð gleðistund þegar hann kveikir á fyrsta kertinu.

Það sem fylgir einnig desembermánuðinum er að kveikja oft upp í arninum og búa til heitt „súkkulaði með kanilkeim“, eða suðusúkkulaði í mjólk að hætti ömmu minnar heitinnar Ragnheiðar Jóns. Maður þurfti sko að passa sig að segja ekki „heitt kakó“, þá var fussað og sveið, að, því þetta er ekta súkkulaði.“



Ragnheiður Guðfinna les fyrir Tristan Gylfa, 5 ára, en hann er eins og mamma hans algjört jólabarn.



„Ég skreytti jólatréð í byrjun nóvember,“ segir Ragnheiður Guðfinna sem skrifar hér jólakveðjurnar til vina og vandamanna.



Alltaf gott að knúsa og kyssa mömmu sína sem er best.



Mæðginin njóta þess að upplifa jólín saman. Það geislar af Ragnheiði þegar hún er nálægt syni sínum Tristani.



Tristan Gylfi býr alltaf til aðventukrans úr deigi og kemur með heim úr leikskólanum.

## EKKERT JÓLADRASL – BARA FEGURÐ

Það er dálítið erfitt að hemja sig þegar jólín eru „vinnan“ manns. Jólín sem ég er að setja upp núna keypti ég á jólasýningu í lok janúar á þessu ári,“ segir Helga þegar við spyrjum hana hvenær jólagleðin geri vart við sig hjá henni. „Jólafiðringinn fæ ég við að sjá jólasnjó falla til jarðar, þegar það er falleg tónlist í græjunum, engin bílaumferð og ekkert fólk á ferð,“ segir Helga Thorberg, leikkona og eigandi Blómálfinsins sem hún opnaði fyrir 13 árum.

„Ástæðan fyrir því að ég opnaði Blómálfinn var áhugi minn á jóla-skrauti. Ég vissi þá ekkert um blóm en sá að ég gæti verið með jóla-markað í kjallaranum. Þannig byrjaði þetta Blómálfsvintýri mitt. En fólk verður bara að koma og sjá með eigin augum að Blómálfurinn er eitt stórt jólaævintýri. Það er upplifum að koma og sjá allt þetta fallega jóla-skraut. Þú finnur ekkert drasl – bara fegurð. Það er gaman að vera með

blómabúð á þessum árstíma.“

**Skreytir ekki mikið heima**  
„Ég skal játa að ég skreyti ekki mikið heima hjá mér,“ svarar Helga aðspurð hvenær hún byrjar að skreyta. „Það er eins og að taka vinnuna með sér heim. Þegar ég flutti í skvísuíbúðina mína, þá gaf ég allt fallega jóla-skrautið mitt. Ég var vaxin upp úr stóru skreyttu grenitré heima hjá mér. Ég fékk mér hins vegar bleikt perlujóla-tré, sem ég hef uppi allt árið, það má alveg! Og svo dásamlegt bleikt jóla-tré með ljósleiðurum, en það fór niður í kassann eftir jólín.“

**Hvað á að elda á aðfangadag?**  
„Ég er eiginlega hætt að borða kjöt, orðin meiri grænmetisæta. En ég er að spá hvort ég eigi að gera undanþágu á jólonum og fá mér rjúpur! Ég er ekki alveg viss. Veit ekki hvað ég geri á aðfangadagskvöld.“



Helga Thorberg leikkona á erfitt með að hemja sig því jólín eru vinnan hennar.



Hér er Helga í gervi grýlu ásamt tveimur aðdáendum hennar.

# HRYGGURINN STENDUR ALLTAF FYRIR SÍNU



Brynjar Már og Kristín Ýr skipa dúettinn Snooze.

**S**ennilega svona um það bil sem búið er að skreyta allan bæinn hátt og lágt og jóla-lögin eru farin að hjóma alls staðar. Þá kemur þessi fiðringur: Vá! Eru jólin virkilega að koma strax aftur?“ sagði Brynjar Már Valdimarsson um það hvenær hann kemst í jóla-skapið þegar Hér & nú leit í heimsókn til hans og Kristínar Ýrar Bjarnadóttur en þau mynda dúettinn Snooze.

„Svo gerist allt-af-eitthvað á Þorláksmessu, svona þegar vel er liðið á kvöldið og maður er nýbúinn með seinustu jólagjöfina og röltir um

bæinn og fær sér kaffi og Bailey's, þá eru jólin að koma og ekki skemmir það ef maður kíkir á Bubba, það er alltaf stór partur af jólu-num.“

## Flutningar

„Um mánaðamótin nóvember-desember byrjum við yfirleitt að skreyta. Erum reyndar að flytja núna svo flest okkar dót er í kössum og skrautið. En ætli við reyn-um ekki, í bland við allt stressið, að setja saman jólatréð og koma okkur fyrir áður en þetta skellur allt saman á. Við erum bæði fyrir kósi stemningu á þessum

árstíma. Það er bara notalegt að hafa fallegar seríur í gluggum, á borðum og veggjum og liggja undir sæng eða uppi í sófa og hafa það huggulegt. Og jólakertin á dimmu vetrarkvöldi standa alltaf fyrir sínu.

Það lítur út fyrir að það verði hamborgarhryggur í matinn í ár. Ég er reyndar vanur rjúpum og ólst upp við að hafa alltaf rjúpur og tilheyrandi á jólu-num en svo hefur það verið rokkandi svona á seinni árum og yfirleitt orðið undir. En það er allt í góðu, hryggurinn stendur alltaf fyrir sínu. Sérstaklega ef það er Waldorfsalat, brún sósa og svo Tobleroneís í eftir-rétt,“ segir Brynjar.

## Á fullu í tónlistinni

„Við erum eins og alltaf að bard-úsa á fullu í stúdíói, við hvert tækifæri sem gefst. Ég nota mikið minn frítíma í taktasmíði og pælingar á tónlist og útsetningum. Við erum á góðri leið að koma okkur upp litlu stúdíói. Kristín er að einbeita sér að söngnum og ætlar að fara á fullt í að læra söng. Svo erum við að leggja lokahönd á lag sem við höfum verið að vinna við í dagóðan tíma.

Það lítur út fyrir að þetta verði annasamur en skemmtilegur vetur því það er mikið verið að bóka Snooze á uppkomur hingað og þangað um landið. Fyrir utan tónlistina erum við eins og áður sagði að skipta um húsnæði og vinnum aðeins meira en við komumst yfir,“ segir Brynjar Már að lokum og bætur við: „Eins og flestir Íslendingar gera.“

Hér skreytir parið jólatréð en væntanlega verður hamborgarhryggur í jólamatinn í ár.



# HELDUR FAST Í HEFÐIRNAR

**Þ**að hellist smám saman yfir mig,“ svarar Sæunn Stefánsdóttir alþingismaður þegar við forvitnumst um hvenær hún kemst í jólagírinn. „Birtan spilar þar stórt hlutverk og svo reyni ég að nota aðventuna til að undirbúa jólin. Ég vona að ég komist á Laugavegin til að kaupa jólagjafir eins og ég hef gert og það kemur mér alltaf í jólastemninguna. En jólin koma ekki á fullum þunga yfir mig fyrr en í messu klukkan sex á aðfangadag þegar jólin eru sungin inn. Þá hellist hátíðleikinn og jólaandinn yfir mig og dugar mér vanalega út hátíðirnar.“

## Jólaskrautið sett upp

„Við hjónin skreytum vanalega smám saman á aðventunni. Tökum fyrst upp seríur, setjum fleiri kerti upp og aðventukransinn. Það er ekki fyrr en síðustu vikuna fyrir jól sem við svo skreytum af alvöru og jólatréð er svo skreytt á Þorláksmessu. Það er hefð fyrir því í fjölskyldum okkar beggja og við hjónin höfum haldið þeirri hefð.“

Þar sem við höfum búskap fyrir nokkrum árum eigum við svo sem ekki mikið af jólaskrauti en það bæstist í safnið á hverju ári. Ég held sérstaklega upp á kertastjaka sem við eigum og ég nota alltaf um jólin. Við notuðum hann í brúðkaupinu okkar og skipar hann því sérstakan sess

í hugum okkar. Ég raða greni undir hann og nota til skreytinga við alls konar tækifæri. Hann er sérstaklega jólalegur í mínum huga. Foreldrar mínir eiga mitt uppáhaldsjólaskraut en það eru ýmsir munir sem maður hefur alist upp við og jólin væru ekki söm án þeirra.“

## Á kafi í pólitík

Sæunn stefnir augljóslega að því að verða í forystu Framsóknarflokksins en hún var kosin ritari flokksins á síðasta flokksþingi. Við spyrjum hana hvað hún leggi helst áherslu á í pólitíkinni.

„Ég hef sagt að ég vilji vera inni á leikvöllinum en ekki á varamannabeknum. Staða Framsóknar er ekki ásættanleg um þessar mundir á 90 ára afmælisári hans en ég held að við eigum ýmis tækifæri. Í vetur þurfum við að koma á framfæri erindi okkar við þjóðina sem mér finnst vera samvinna, samhjálp og sanngirni í samfélaginu. Við höfum staðið fyrir miklum

Sæunn Stefánsdóttir alþingismaður skreytir með manni sínum á aðventunni. Hér er hún heima í hýlegri stofu þeirra hjóna.



„Ég held sérstaklega upp á kertastjaka sem við eigum og ég nota alltaf um jólin. Við notuðum hann í brúðkaupinu okkar.“



og góðum breytingum á íslensku samfélagi á síðustu árum en viðfangsefnið nú er að taka á afleiðingum þessara miklu breytinga. Að mínu mati stuðlum við áfram að því þjóðfélagi jafnra tækifæra sem við viljum hafa með því að einbeita okkur að börnunum okkar. Ganga þannig um hnútna að þegar þau fara út í lífið að loknu námi fari þau með veislu í farangrinum, eins og skáldið sagði. Veislu sem opnar þeim allar dyr og

gefur öllum jöfn tækifæri,“ segir Sæunn full af krafti og bjartsýni.

En burtséð frá stjórnmálum. Hvað með matseldina yfir hátíðarnar?

„Í minni fjölskyldu er hefð fyrir því að borða rjúpur á aðfangadag og við ætlum að gera það í ár. Við verðum líka með gæs en þegar rjúpnaveiðibannið var fórum við að taka upp á þeim sið og hefur líkað það vel.“

elly 365.is

# SNORRI ELDAR JÓLASTEIKINA

**H**ér & nú heimsótti Snorra Snorrason, sem vann svo eftirminnilega í Idolinu fyrr á þessu ári, og konu hans Ingu Þóru Jónsdóttur dagmömmu.

„Hjá okkur byrjar undirbúningur fyrir jólin um miðjan nóvember,“ segir Inga Þóra um jólahaldið og stemninguna á heimili þeirra yfir hátíðirnar. „Það er mikil tilhlökkun á heimilinu og við hlökkum mikið til jólanna. Við erum búin að skreyta allt en við erum von að skreyta allt hátt og lágt fyrir 1. desember. Setjum síðan upp jólatréð 15. desember af því að jólin eru jú svo stutt og okkur þykir gaman að hafa þau lengur.“

Inga Þóra starfar sem dagmóðir. Hún sér um fimm börn frá klukkan átta á morgnana til fjögur í eftirmiðdaginn. Yngstu börnin eru átta mánaða gömul og þau elstu 17 mánaða. Okkur lék forvitni á að vita hvernig færi með allt jólaskrautið þegar svo mörg börn eru á heimilinu.

„Það er ekkert mál. Þau læra að láta jólaskrautið vera. Eins og jólasveininn sem stendur hér á gólfinu, þau láta hann vera. Börn eru fljót að aðlagast,“ segir Inga og viðurkennir að jólasveininn, sem er alltaf stillt upp í stofunni, sé einmitt í uppáhaldi. „Jólaljósín eru hluti af skrautinu og við setjum ljós í alla gluggana. Svo skreyttum við handriðið hjá okkur í fyrsta skiptið í ár og það kemur vel út.“

Strákarnir eru alveg að deyja úr spenningi. Við erum nýkomin heim frá Boston og Kaupmannahöfn og

þeir vilja ólmir kíkja í töskurnar sem eru fullar af jólagjöfum handa þeim,“ segir Inga og það er ekki laust við að hún hafi gaman af spenningnum sem ríkir á heimilinu.

„Við erum alltaf með skötu á Þorláksmessu. Þá koma 12 manns í mat. Snorri er svo rosalega góður kokkur og sér alfarið um matseldina. Oft á jóladagsmorgni slaka ég á með börnunum og Snorri sér um matinn. Hann hefur svo gaman af að elda.“

*En hvað á að elda á aðfangadag?*

„Við eldum alltaf þekingönd, að hætti Bryndísar systur Snorra, á aðfangadag en við bjóðum líka upp á hangikjöt og hamborgarhygg. Þetta er þríréttað máltíð svo allir verði sáttir. Við erum mörg sem borðum saman á aðfangadagskvöld. Það erum við Snorri og strákarnir, tengdapabbi, mamma mín og maðurinn hennar og Bryndís systir.“

*Syngur Snorri fyrir ykkur?*

„Já, já, hann tekur jólaöglin þegar hann er að elda. Hann er alltaf syngjandi.“

*Hvað með gjafir?*

„Ég var einmitt að spyrja hann þegar við vorum á leiðinni heim hvað hann ætlaði að gefa mér. Ætli maður fái ekki skartgrip. Hann gaf mér fallegan hring í fyrra,“ segir hún brosandí.

*Þá þarf hann að toppa sig þessi jól – ekki satt?*

„Jú, hann þarf að toppa sig núna,“ svarar Inga Þóra og skellihlær.

*elly 365.is*

**Snorri og fjölskylda** Hann býður upp á þríréttað á jólinum, þekingönd, hangikjöt og hamborgarhygg.



**Falleg hjón** Snorri gaf Ingu fallegan hring í fyrra og hún vonast eftir að hann toppi það í ár.



**Strákar í stuði** Skrautið er komið á stigann og strákarnir eru samrýndir í jólastuði.



**Skórinn á leið** í gluggann Drengirnir þrír bíða spenntir eftir því að geta komið skónum fyrir í skreyttan glugga.



**Beðið eftir jólnum** Polinmæði þrautir vinnur allar.



# Ellert, alltaf skemmtilegur!



## Ellert B Schram

sendir frá sér bráðskemmtilega og óborganlega bók – *Á undan sinni samtíð*, sönn skáldsaga. Bókin hefur verið í toppsætum á metsölulistum. Hún fær ★★★★★ hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.



Toppmaður í toppsætum!



Guðrún J. Halldórsdóttir  
þýtur upp metsölulistana!



Fólk á skilið  
að fá skemmtilega bók!



Gullfalleg og skemmtileg bók  
eftir tvo meistara máls og mynda.



Glettinn texti og finar,  
spaugsamar myndir eftir verðlaunahöfund.

**PAE**  
BÓKAUTGÁFAN  
ÆSKAN

Þær Sandra Lárusdóttir, kona Eyjólfur, og Anna Björk Birgisdóttir, kona Stefáns, seldu diskinn sem rann út eins og heitar lummur.

# STYÐJA STRÁKANA

**S**tefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson hafa starfað saman í 15 ár og nú hafa þeir sent frá sér sína fyrstu plötu. Platan ber heitið Nokkrar notalegar ábreiður og þar má meðal annars finna Draum

um Nínu í nýrri útsetningu en það lag markaði upphaf samstarfs þeirra. Hér & nú mætti á útgáfutónleikana í Borgarleikhúsinu þar sem Stebbi og Eyfi fluttu vel kunna slagara ásamt bakróddum og 16 manna strengjasveit.

Bakraddirnar spiluðu stórt hlutverk enda tónlist þeirra félaga samsett af falletgri röddun.



Stemningin var góð á þessum frábæru tónleikum í Borgarleikhúsinu.



Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson eiga sér langa sögu og sungu meðal annars lagið um Nínu sem er án efa eitt besta Eurovision-lagið.



Guðrún Gunnarsdóttir og Stefán Hilmarsson eftir vel heppnaða tónleika.



Bakraddirnar góðu Guðrún Gunnars, Ingi Gunnar Jóhannsson og Erna Hrönn Ólafsdóttir.


# JÓLIN ERU KOMIN Í DRAUMARÚM!



Ný sending af smávöru og gjafavöru sem gera hvert svefnherbergi einstakt.  
Upplifðu jólin í svefnherberginu með fallegum sængurverum, ilmkertum,  
dúnmjúkum púðum og einstökum Aloe Vera sængum.

## HEIMSÆKTU DRAUMARÚM Í BÆJARLIND 4. GERÐU JÓLIN EFTIRMINNILEGRI!


SÆNGURVER - HANDKLÆÐI - SILKISÆNGUR - ILMKERTI - PÚÐAR



NÓVEMBERTILBOÐ! **20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM!

**DRAUMARÚM** | Bæjarlind 4, Kópavogi  
Sími: 534 5200

[www.draumarum.is](http://www.draumarum.is)



# JÓLIN ERU TÍMI FJÖLSKYLDUNNAR

Védís Hervör  
Árnadóttir og  
Seth Sharp halda  
tónleika í Salnum  
í Kópavogi þann  
15. desember.



Védís Hervör alltaf jafn sæt og stillir sér upp fyrir ljósmyndara Hér & nú.

siðustu árin og segir notalegt að vera komin heim. „Ég er mikið jólabarn og þykir þetta dásamlegur tími og kann vel að meta að eyða jólnum með fjölskyldunni. Ég er alltaf hjá mömmu og pabba á jólnum og veit ekki hvenær ég hætti því. Ætli það eigi ekki eftir að skapa rífrildi við unnustann,“ segir hún og bætir aðspurð við að samningaviðræður séu í gangi varðandi það hvort hann verði hjá þeim um jólin eða fjölskyldu sinni. „Ég er svo heimakær og við fjölskyldan höfum það alltaf svo gott um jólin og ég sé jólin einfaldlega ekki öðruvísi fyrir mér.“

Védís á þrjú systkini, eldri systur sem býr í London og tvo yngri bræður. „Við systkinin erum alltaf saman um jólin og ég held að ekkert okkar geti hugsað sér að hafa þetta eitthvað öðruvísi. Jólin eru líka tími fjölskyldunnar.“

[indiana@hognu.is](mailto:indiana@hognu.is)

Ég er komin í mikið jólaskap og þykir yndislegt að vera hér heima í desember,“ segir Védís Hervör Árnadóttir söngkona sem mun halda tónleika ásamt söngvaranum Seth Sharp þann 16. desember í Salnum í Kópavogi. „Við ætlum að syngja sambland af íslenskum og amerískum þjóð- og dægurlagaperlum sem við samtvínum á skemmtilegan hátt,“ segir Védís Hervör en hún og Seth Sharp héldu nokkra tónleika í sumar og ætla nú að gera enn betur og hafa bætt jólalögum á lagalistann. „Við erum að gera þetta mjög smekklega og alls ekki slátra neinum þekktum lögum. Þarna

munu tveir menningarheimar mæstast og ég held að þetta verði mjög skemmtilegt.“

Védís og Seth kynntust eftir að Védís skellti sér á tónleika hans og heillaðist upp úr skónum: „Hann er alveg frábær söngvari og það er mikill heiður að fá að syngja með honum.“ Seth er um þessar mundir að taka þátt í X-Factor þar sem hann er kominn áfram en hann hefur nú dvalið í þrjú ár á Íslandi. „Hann útskrifaðist úr Yale á sínum tíma en hefur nú heillast af Íslandi og þjóð okkar svo það er kominn smá Íslendingur í hann,“ segir Védís brosandi.

Védís hefur verið á faraldsferði



Söngfluglar Védís og Seth kynntust eftir að Védís skellti sér á tónleika hans og heillaðist upp úr skónum. „Hann er alveg frábær söngvari og það er mikill heiður að fá að syngja með honum,“ segir hún. Seth tekur um þessar mundir þátt í X-Factor þar sem hann er kominn áfram en hann hefur dvalið í þrjú ár á Íslandi.



**NÝTT Á DVD**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM  
*THE INCREDIBLES & FINDING NEMO*

Disney · PIXAR

*Cars*



**KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR  
MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.**

**SAMMYNDIR**

Jólin eru á næsta leiti og því verða allar konur að fá sér ný og falleg föt. Hér & nú heyrði í nokkrum þekktum flottum konum og forvitnaðist um jólafötin þeirra.

# FLOTTAR KONUR Í JÓLASKAPI



**Björg Þórhallsdóttir**  
Með 60 ára gamalt ættardjásn um hálsinn.

## JÓLAHALDIÐ MÓTAST AF VINNUNNI

„Ég er búin að vera í jólaskapi síðan í ágúst þegar ég byrjaði að hljóðrita plötuna mína,“ segir Björg Þórhallsdóttir söngkona sem er að gefa út jólaplötuna Himnarnir opnast – jólaperlur. Björg er mikil jólastelpa en pabbi hennar var prestur og jólin voru því alltaf mikill hátíðartími á æskuheimilinu. „Alveg frá því

ég byrjaði að syngja hafa jólin verið mikill annatími og jólahaldið mótast af atvinnunni. Í æsku mótaðist jólarúttinan af því hvenær pabbi var að messa en frá því að hann lést hefur mitt söngstarf tekið við. Annars reynum við að hafa þetta sem einfaldast og njóta þess að vera saman,“ segir Björg og bætir við að hún hafi þegar keypt sér nokkur jóladress. „Það eru margir tónleikar

fram undan og það gengur ekki að koma fram í sama kjólnum tvisvar,“ segir hún brosandí.

Aðspurð segist Björg alltaf borða svínahamborgarhrygg á jóluunum en að hún ætli að fara rólega í veisluhöldin að þessu sinni. „Ég er í krónisku aðhaldi allan sólarhringinn, allan ársins hring, og jólin eru þar engin undantekning, þótt það takist auðvitað misvel. Við höfum

fært hollustuna meira inn í jólamatinn og mig langar síður nú í þennan þunga og mikla mat sem maður borðaði áður.“ Björg ætlar ekki að baka neitt fyrir þessi jól en ætlar að skera út laufabrauð með fjölskyldunni. „Ég er eiginlega hætt að baka en við sleppum ekki laufabrauðinu. Því fylgir mikil hátíðarstemning og þar reynum við að laða fram einhverja listræna hæfileika.“

**Alexía Björg Hún**  
keypti sér þennan fallega kjól í London.



## Í JÓLASKAPI TIL TILBREYTINGAR

„Ég er komin í svakalegt jólaskap sem kemur á óvart þar sem ég er yfirleitt ekki spennt fyrir jóluunum,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona og bætir við að snjórinn hafi reddað jólaskapinu. „Ég hef ekki verið mikið jólabarn síðustu árin og hef frekar látið jólin fara í taugarnar á mér en ég finn að það mun breytast í ár. Skammdegið mun ekki hafa áhrif á mig á meðan snjórinn er hér,“ segir Alexía og bætir við að hún sé þegar búin að kaupa sér fallegan jólakjól. „Ég datt inn í litla búð í London um daginn og keypti mér senjoritu-kjól sem ég er mjög ánægð með. Ég kaupi mér yfirleitt ný föt fyrir jólin og sér í lagi náttföt til að vera í á jóladagsmorgni.“

Alexía segir að þrátt fyrir að hún hafi hingað til ekki verið mikið jólabarn haldi hún fast í hefðir tengdar jóluunum. „Ég er ströng á hefðir sem ég tek frá foreldrum mínum og finnst til dæmis agalegt þegar fólk opnar jólakortin fyrir jól og geri það ekki sjálf fyrr en eftir matinn á aðfangadagskvöld.“

## AFSLÖPPUÐ FYRIR JÓLUUNUM

„Ég hef ekki tíma til að vera komin í jólaskap og ætla að biða með það þangað til um miðjan desember,“ segir Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona. Katla segist vanalega borða annað hvort önd eða gæs á aðfangadagskvöld. „Ég ætla að baka tvær sortir, súkkulaðibitakökur og piparkökur sem ég skreyti með syni mínum sem er átta ára,“ segir Katla Margrét og bætir við að hún sé mikið jólabarn. „Ég er samt eiginlega meira aðventubarn og hef mjög gaman af biðinni eftir jóluunum og undirbúningnum. Ég læt stressið alls ekki fara með mig og er frekar afslöppuð yfir þessu.“

Aðspurð hvort hún eigi einhver ráð handa þeim sem fara á límingunum á þessum tíma segir hún besta ráðið að taka því rólega. „Bara anda rólega og ekkert að vera að ryðja öllu úr skápunum heldur njóta þess að sitja með kertaljós og hlusta á rólega tónlist. Ég verð að vísu að frumsýna um jólin leikritið Bakkyngur sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. Það verður törn í vinnunni en ég er orðin von jólasýningum og tek vinnuna ekki með mér heim.“



**Katla Margrét Fékk** þennan fallega kjól í Kúltúr.

Vanda sig við jólapakkana  
Einbeitingin skín úr andlitum  
ömmunnar Margrétar Blöndal  
og barnabarnsins Breka.



# STOLT AMMA

„Ég er mjög íhaldssöm varðandi jólahéðirnar og það má ekki mikið út af breyta,“ segir Margrét Blöndal útvarpskona. Margrét er að norðan og er því alin upp við laufabrauðsgerð en hún býr nú á Akureyri. „Eitt af því sem ég held fast í er laufabrauðið og við erum þegar búin að skera út og steikja,“ segir Margrét og bætir við að jólakortaskrifin séu einnig ákveðinn hluti af jólaundirbúningnum.

„Mér finnst voðalega notalegt að setjast niður og skrifa jólakortin og skrifa þá oft lítil ársuppgjör á kortin. Þessi athöfn er góð fyrir sálina því þá sest ég niður og hugsa um fólk sem mér þykir vænst um,“ segir hún og bætir við að henni þyki einnig gaman þegar hún hafi tíma til að dúlla sér við að pakka inn gjöfunum.

## Ný jól með nýjum minningum

„Ég er komin í jólastuð. Ég var lasin í viku og þegar ég komst á fætur var búið að skreyta allan bæinn og jólin voru komin. Sjálf er ég búin að setja upp seríurnar og dúllast eitthvað og ég er alls enginn mínimalisti þegar kemur að jólaskrauti,“ segir hún hlæjandi.

„Ég byrjaði að kveikja á kertum um leið og það byrjaði að dimma og svo mun ég setja upp skrautið fljótlega. Ég á mikið af jólakúlum sem sem voru á jólatré mömmu og pabba og mér þykir alveg ofsalega vænt um það skraut enda eru jólin fyrst og fremst minningar auk þess sem með hverjum nýjum jólum býr maður til nýjar minningar.“

## Montin af ömmustráknum

Margrét á tvær dætur og er orðin stolt amma hins tveggja ára Breka Blöndal Egilssonar. Aðspurð segir hún jólin enn skemmtilegri nú þegar lítið barn sé komið í fjölskylduna. „Ég held að þau ætli að vera hjá mér á aðfangadagskvöld en annars eru þau ekki búin að ákveða það.“

Ég er alveg brjálæðislega montin amma og hlakka mikið að geta eytt jólnum með ömmustráknum. Dætur mínar hafa að vísu aldrei vaxið upp úr jólaandanum, ekkert frekar en mamma þeirra, svo við höfum alltaf átt voðalega góð jól saman.

## Jól eins og mamma gerði

Við mæðgurnar byrjum jólastússið okkar alltaf á sama jólaginu sem heitir Mamma, en textinn fjallar um það sem hendir flesta á aðventunni, að hugsa til baka til bernskujólanna. Eftir að ég fór að búa sjálf hefur jóladraumurinn minn verið að búa til jól eins og mamma mín gerði,“ segir hún en Margrét hefur þó breytt út af venjunni að elda svínahamborgarhrygg á aðfangadagskvöld eins og hún vandist í æsku.

„Síðustu árin hef ég eldað kalkún en í fyrra lét ég tengdasoninn um eldamennskuna en var honum til aðstoðar,“ segir hún en viðurkennir ekki að það hafi verið erfitt að gefa hlutverkið frá sér. „Þetta var bara skemmtilegt og ágætis námskeið í því að vera ekki of stjórnsöm,“ segir Margrét að lokum.

indiana@hognu.is



Alveg brjálæðislega montin amma Margrét hlakkar til að fá að hafa ömmustrákinn hjá sér á jólnum.

Hugsar til æskujólanna „Eftir að ég fór að búa sjálf hefur jóladraumurinn minn verið að búa til jól eins og mamma mín gerði.“



**Brynhildur Þórarinsdóttir** rithöfundur gefur frá sér Laxdælu fyrir börn um jólin. Brynhildur er flutt með fjölskyldu sína frá Reykjavík til Akureyrar þar sem hún var valin bæjarlistamaður á árinu. Brynhildur bauð Hér & nú í heimsókn.

# VIÐ ERUM ALGJÖRIR BÓKAORMAR

„Við hjónin fengum vinnu hér við háskólann og fluttum norður og kunnum vel við okkur hérna,“ segir Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur sem flutti ásamt fjölskyldu sinni frá Reykjavík norður til Akureyrar um sumarið 2004. Brynhildur er að gefa út barnabók, Laxdælu, en bókin er í sama dúr og fyrri bækur hennar þar sem hún einfaldar Íslendingasögurnar fyrir börn og bækurnar eru myndskreyttar af Margréti Laxness.

## Njáll var afi, Bergþóra amma

Brynhildur segir Íslendingasögurnar spennandi lesefni og að börnum þyki þær áhugaverðar. „Bardagalýsingarnar, spennandi ástarþríhyrningar, flottar lýsingar á klæðum, vopnum og lífsháttum vekja áhuga barnanna en það sem kemur þeim mest á óvart er að þetta var venjulegt fólk. Njáll var

afi og Bergþóra amma, sem gerir sögur nár svo nálæg- ar manni og því góð leið til að ræða um alls kyns hluti, eins og vináttu og deilur og fleira.“

## Bæjarlistamaður Akureyrar

Brynhildur unni sér vel á Akureyri og getur ekkert sagt til um hvort

hún flytji aftur suður. „Við erum ekki með lífið í excel-skjali og dóttir okkar er innfluttur Akureyringur. Það er ekki annað hægt en að vera ánægður hérna enda var tekið svo vel á móti okkur og ég valin bæjarlistamaður svo ég get ekki kvartað yfir neinu. Hér er rólegt og þægilegt að vera og maður finnur það þegar maður kíkir suður

**Lestrarhestar** „Hún hefur voðalega gaman af því að skoða bækurnar og er farin að þekkja Guðrúnu Ósvífursdóttur í sjón,“ segir Brynhildur og bætir við að fjölskyldan sé komin í mikið jólaskeið.



í spennuna,“ segir Brynhildur en hún og eiginn maður hennar Þóroddur Bjarnason prófessor eiga saman dótturina Þorbjörgu, sem er tæplega tveggja ára og er í leikskólanum Hólmasól, auk þess sem Þóroddur á tvö börn fyrir en Bjarni sonur hans býr hjá þeim og gengur í Menntaskólann á Akureyri.

Aðspurð segir Brynhildur að Þorbjörg sé lestrarhestur eins og mamma hennar. „Ég hef alltaf verið mikill lestrarhestur og Þorbjörg er líka mikill bókaormur. Hún hefur voðalega gaman af því að skoða bækurnar og er farin að þekkja Guðrúnu Ósvífursdóttur í sjón,“ segir Brynhildur og

bætir við að fjölskyldan sé komin í mikið jólaskeið.

## Snjörinn mikilvægur fyrir jólabörn

„Hér er allt hvítt sem er stórt atriði þegar maður er svona mikið jólabarn. Við Þorbjörg erum búnar að setja upp smá jólaskeið enda er búið að skreyta mikið hér í kringum okkur. Stórfjölskyldan er fyrir sunnan um jólin en við eigum fullt af góðum vinum hérna svo jólaboðin verða öðruvísi í ár en við kíkjum kannski suður yfir áramótin.“ Brynhildur vonast til að fá rjúpur í jólamatinn og stefnir á að skella sér í friðargöngu á Þorlákshöfðum. „Svo ætla ég að halda síldarboði og lesa sem mest því það eru engin jól án bóka.“ *indiana@hognu.is*



**Bæjarlistamaður** „Við erum ekki með lífið í excel-skjali og dóttir okkar er innfluttur Akureyringur. Það er ekki annað hægt en að vera ánægður hérna enda var tekið svo vel á móti okkur og ég valin bæjarlistamaður svo ég get ekki kvartað yfir neinu.“



**Brynhildur Þórarinsdóttir** Rithöfundur og bæjarlistamaður á Akureyri.

## Seðjandi tilboð fyrir þá sem sækja...

Stór Pizza með 3 áleggjum 1.590-

Stór Pizza með 3 áleggjum, brauðstangir og 2ltr. gos 1.890-

Shake með pizzu 250-



Mjódd Dalbraut Hjarðarhaga



5 68 68 68

**Glæsilegt úrval af  
jóla og gjafavöru**



**BLÓM & KAFFI**

**Gæðavörur frá Te og kaffi  
í gjafakörfuna**

**Ný blóm daglega**


**Opið  
sunnudag til fimmtudags  
frá kl. 11-21  
Föstudaga og laugardaga  
frá 10-21**

**Opnum notalegt kaffihús á nýju ári.**  
Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði Sími: 565 0440 [www.blomogkaffi.is](http://www.blomogkaffi.is)

Hönnun: Web It



CHESAPEAKE BAY CANDLE™



# DÖMPAÐI MEL B

## OG BYRJADÍ STRAX MEÐ ANNARRI



Eddie Murphy skildi við konu sína til margra ára og byrjaði strax að deita hinar og þessar skvísurnar. Það brá mörgum í brún er hann var kominn með fyrrverandi Kryddpiuna Melanie B upp á arminn. Þau voru svaka hrifin af hvort öðru og fóru með fjölskyldur sínar til Jamaíka í frí. En kappinn hefur ekki verið nógu skotinn í Kryddpiunni og hætti með henni til að byrja með Tracey Edmonds. Hún er fyrrverandi eiginkona Kenneths „Babyface“ Edmonds, tónlistarframleiðandans mikla. Eddie og Tracey eru búin að vera að deita í einn og hálfan mánuð.

Dömpað Eddie Murphy dömpaði Kryddpiunni fyrrverandi Melanie B.



Nýja gellan Eddie mætti með Tracey Edmonds, nýju kærustuna sína, á frumsýningu myndarinnar Dreamgirls.



Rosa smart Mariah í skóm á stærð við litla jólaálfa.

## ROSA FLOTT, MARIAH!

Greysið Mariah Carey. Hún er svo smekklaus að það hálfu væri nóg. Það er allt í góðu að vera í skíðadressi þegar maður er staddur í Aspen, en þessir skíðaskór eru alveg absúrd. Þetta eru moonboots dauðans. Það er alveg á hreinu.

# RÓLEG Á AFMÆLISDAGINN

Britney Spears orðin 26 ára

Það eru allir búnir af fá alveg nóg af Britney Spears og nýjustu vinkonu hennar, Paris Hilton. En stúlkan ákvað að halda upp á afmælið sitt ásamt syninum Sean Preston og fór með hann í dýragarðinn í Los Angeles. Mæðginin

skemmtu sér vel og kannski er stúlkan að fatta að allt djammað og sukkið er ekkert svakalega gott fyrir ímyndina. Britney er þó ekki alveg hætt á djammínu því um kvöldið kíkti hún út á lífið til að halda upp á áfangann.

Afmælisbarn Britney er orðin 26 ára, á tvö börn og er tvískilin.



Sæt stund Britney og vinur hennar Brian stjarna við Sean í dýragarðinum.



Sæt saman Sean Preston er algjört krútt.

Jennifer Lopez þarf að ráða sér nýjan förðunarfræðing

# STUNDUM ALVEG EINS OG GEIMVERA

**J**ennifer Lopez er hott stöff. Það er alveg á hreinu. Hún er líka með gullfallett andlit, en stundum lítur hún bara alveg eins út og geimvera. Stelp- an þarf nauðsynlega að reka förðunarmeistara sinn og ráða nýjan. Núna!

**Klassískt J-Lo lúkk**  
Jennifer er voða hrifin af því að lýsa í kringum augun. Sem er stundum alveg fáránlegt.

**Geimveran Lopez**  
Beint frá plánetunni Úranus.

**Sjálflysandi** Alltof mikill farði og ljósbleikustu varir sem sést hafa. Hrikalegt.

**Stuð og meira stuð**  
Eða ekki. Djöfull leiðist henni í vinnunni.

**Eva Longoria**  
Ætti að heita Eva Longboria.

## LEIÐIST VINNAN

**E**va Longoria hefur lýst því yfir að hún hafi ekki áhuga á að leika í enn einni þáttaröð af Aðþrengdum eiginkonum. Hún vill einbeita sér að kvikmyndaferli sínum. Ef markað má þessar myndir virðist Evu drepleiðast í vinnunni – ekki nema hún sé svona djúpt hugsi yfir væntanlegu brúðkaupi.

## STÆRÐARINNAR HRINGUR

Eva Longoria trúlofuð


**L**itla aðþrengda eiginkonan Eva Longoria og körfuboltakappinn Tony Parker hafa ákveðið að ganga í það heilaga eftir rúmlega tveggja ára samband. Eva var stödd á Big in 2006-hátíðinni nú á dögum og sýndi okkur hringinn, loksins. Hann er risastór og myndarlegur, rétt eins og unnstinn.



**Flott með hringinn** Eva fékk risastóran trúlofunarhring frá unnasta sínum Tony Parker.

# ALLTAF SAMA FÓLKIÐ SEM MÆTIR

Verðlaunahátíðageðveikin er hafin. Að sjálfsögðu mætir oft sama fólkíð á þessar hátíðir þar sem sama fólkíð er oftast tilnefnt. En á Billboard-hátíðinni var rosa mikið af ómerkilegu fólkí og stjörnum sem tengjast ekki tónlist á neinn einasta hátt. Þau mættu bara þarna til þess að einhver mætti. Frekar sorgleg tónlistarhátíð.



**Haushreiður** Leikkonan *Demi Lovato* mætti á hátíðina í þröngum svörtum kjól með furðulegustu hárgreiðslu í heimi. Minnir helst á hreiður.



**Courtney Love** Það er eitthvað bogið við hana. Við viljum sjá Courtney eins og hún var einu sinni – heilbrigð og stórglæsileg.



**Carmen Electra** Gerir ekkert annað en að mæta á verðlaunahátíðir. Mjög spes.

## LEONARDO FÁRÁNLEGA HEITUR!

Tímaritið **GQ** velur karlmenn ársins



**Karlmenn ársins** Rapparinn Jay-Z var valinn karlmaður ársins, enda er kappinn sá vinsælasti í heimi og er algjörlega óstöðvandi. Will Farrell var líka valinn karlmaður ársins ásamt Leonardo DiCaprio. Það þarf varla að útskýra nánar af hverju Will var valinn en hann er á góðri leið með að verða frábær leikari.

**Fríða og dýrið** Leonardo DiCaprio verður falletgrí með hverju árinu og að sjálfsögðu maður ársins að mati GQ-tímaritsins. Einnig var Al Gore á staðnum en hann hefur gert allt brjáláð með myndinni *An Inconvenient Truth*.







**Út um allt**  
Nelly Furtado  
hefur átt stórt  
ár. Hún er allt-  
af jafn sæt.



**Lítur vel út** Janet  
Jackson leit vel út  
á hátíðinni þó svo  
að kjóllinn hafi verið  
frekar hallærislegur.



**Hvað er hann að  
gera?** Hver vill sjá  
Carrot Top lyfta upp  
bolnum?



**Glæsilegt par**  
Gwen Stefani er  
alltaf jafn glæsi-  
leg. Flottasti  
fylgihluturinn er  
þó eiginmað-  
urinn Gavin  
Rossdale.



**Flott gella**  
Janice Dickinson  
er misflott, en  
þetta kvöldið  
geislaði af henni.



**Á framtíðina**  
fyrir sér Carrie  
Underwood  
vann bandaríska  
Idolið og hefur  
verið að gera  
það gott í kántrí-  
heiminum.



**Mætt, að sjálfsgöðu** Lindsay  
Lohan var mætt í GQ-partíð.



**Útíffari** Johnny Knoxville út Jackass  
var einnig mættur á staðinn. Afskaplega  
fluttur í jakkafötunum.



**Ben Affleck** lét sig ekki vanta í  
þennan fríða hóp manna.



**Heit mamma** Jennifer Garner, eiginkona Bens  
Affleck, fékk pössun fyrir litlu Violet og mætti í  
GQ-veisluna. Hún geislaði í þessum fjólubláa kjól.

# STÍLL SYSTRANNA



## PARIS HILTON

**Aldur:**


25 ára.

**Stíll:**

Glamúrgyðja.

**Í skápnum:**

Litríkir og skreyttir kjólar, belti og hælar með fylltum botni.



## BRITNEY SPEARS

**Aldur:**


26 ára.

**Stíll:**

Smástelpulegur.

**Í skápnum:**

Magabolir, mínípils og stuttermabolir með lógóum.



## NICKY HILTON

**Aldur:**


23 ára.

**Stíll:**

Chic og stelpuleg.

**Í skápnum:**

Eitís kjólar og vintage-stíll.



## JAMIE-LYNN SPEARS

**Aldur:**

15 ára.

**Stíll:**

Skemmtilegur strákastelpustíll.

**Í skápnum:**

Gallabuxur, litlir, sætir kjólar og flatbotna skór.



### HAYLIE DUFF

**Aldur:**


21 árs.

**Stíll:**

Klassísk með smá stæl.

**Í skápnum:**

Þröngir kjólar, aðsniðnir jakkar og frakkar.



### HILARY DUFF

**Aldur:**


19 ára.

**Stíll:**

Eftir því sem er í tísku.

**Í skápnum:**

Leggings, peysukjólar, hattar og notuð stígvél.



### MARY-KATE OLSEN

**Aldur:**

20 ára.

**Stíll:**

Bóhem beib.

**Í skápnum:**

Stórar töskur, sokkabuxur og víðir kjólar.



### ASHLEY OLSEN

**Aldur:**

20 ára.

**Stíll:**

Petít og elegant.

**Í skápnum:**

Niðurþröngar buxur, kápur og þröngir jakkar.



### ZOOEY DESCHANEL

**Aldur:**

26 ára.

**Stíll:**

Vintage hátíska.

**Í skápnum:**

Sokkabuxur og elegant og öðruvísi kjólar.



### EMILY DESCHANEL

**Aldur:**


30 ára.

**Stíll:**

Stelpuleg klassísk.

**Í skápnum:**

Hælar með opnum tám og mikið af kjólum.



### JESSICA SIMPSON

**Aldur:**

26 ára.

**Stíll:**

Sexí suðurrikjastelpa.

**Í skápnum:**

Elegant kjólar, blómamunstur, kúrekastígvél og stórar peysur.



### ASHLEE SIMPSON

**Aldur:**


22 ára.


**Stíll:**

Uppreisnarseggur.


**Í skápnum:**

Hattar, svartir kjólar og töff skór.





**Halla Vilhjálmsdóttir** leikkona og X-Factor-kynnir trúir ekki á ást við fyrstu sýn, sá aldrei eigið brúðkaup í dýrðarljóma og segir tilhugsunina um brúðkaup einfaldlega pínlega. Halla heillast ekki af sætum strákum og segir erfitt fyrir karlmenn að heilla hana upp úr skónum – aðeins gáfur hafi áhrif á hana.



**Kristján Ra. Kristjánsson** „En það þýðir hins vegar ekki að ég sé ekki voðalega skotin í kærastanum mínum. Mér finnst bara tilhugsunin um brúðkaup eitthvað voðalega pínleg.“

**É**g er bara að slappa af í Svíþjóð með kærastanum mínum,“ segir Halla Vilhjálmsdóttir leikkona þegar Hér & nú nær tali af henni og bætir við að stressið verði stundum of mikið og því sé gott að kom-

kaupa jólagjafir,“ segir Halla sem er komin í hörku jólaskap.

„Heldur betur er ég komin í jólaskap en ég var svo upptekin í fyrra við æfingar og sýningar á Túskildingsóperunni að ég er eiginlega í tvöföldu jólaskapi núna. Ég er rosalega mikið pabbastelja og mamma er besta vinkona mín svo ég ætla að eyða eins miklum tíma með þeim og ég mögulega get.

Fjölskyldan heldur í margar skemmtilegar jólahæfðir og til dæmis mætum ég og bræður mínir alltaf heim til mömmu og pabba á miðnætti á Þorláksmessu þar sem fjölskyldan hittist og við borðum saman graflax og drekkum hvítvín. Oftast erum við flest að koma úr bænum og höfum þetta hátiðlegt og byrjunina á jólnum,“ segir Halla og bætir við að hún sé í svo miklu jólaskapi að hún sé örugglega alveg óþolandi enda syngjandi og trallandi jólalög út um allt.

#### Get orðið of karlmannleg

Halla hefur alltaf haldið sér í góðu formi og ætlar ekkert að slaka þar á yfir jólin. „Ég æfi alveg rosalega mikið og hef alltaf gert. Ég verð að halda mér í formi fyrir sýningar en bæði Footloose og Hafið bláa eru ofsalega krefjandi og erfiðar sýningar sem jafnast á við þriggja tíma fitubrennslu.“

Þegar Halla er innt eftir ráðum handa lesendum sem missa sig í óhollustu yfir jólin segir hún mikilvægt að fólki leyfi sér allt í smáum skömmtum en passi sig að hreyfa sig á móti. „Ekki neita þér um neitt en passaðu þig á að hætta áður en

# TRÚI EKKI Á ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

ast í burtu um tíma, eins og hún og kærasti hennar Kristján Ra. Kristjánsson athafnamaður geri nú í Svíþjóð. „Þátturinn X-Factor verður í beinni eftir áramót og þá þýðir ekkert að vera í útlöndum og því notaði ég tækifærið og fer svo að heimsækja vinkonu mína til Boston eftir viku þar sem ég ætla að

**„Ég verð að geta borið virðingu fyrir heilanum í honum enda held ég að skemmtilegustu samböndin séu sambönd þar sem fólk dýrkar heila hvors annars.“**

Framhald á næstu síðu

byltingarkennd froða!  
fullkominn farði með mattri áferð  
einstaklega létt og mjúk tilfinning.



**dream  
matte**  
mousse  
farði

- aðeins ein
- loftkennd froða...
- gefur fullkomna
- matta áferð og
- þægilega, mjúka
- og léttu tilfinningu.

Adriana Lima



6 himneskir litatónar

maybelline.com

TNS data, stykkisala  
Janúar 2005 til Maí 2006.

MAYBELLINE  
MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE.  
NEW YORK

Adriana sést hér með nýja Dream Matte mousse Foundation í litnum Pure Beige.

þú verður södd. Það tekur magnann svo langan tíma að skrasetja, svo í rauninni ertu búin að borða of mikið þegar þú finnur fyrir seddu. Samt verðum við að borða, það má alls ekki klikka á því og undirstaðan er góður morgunmat og að mínu mati er hafragrautur málið. Sjálf borða ég allt sem mig langar í en passa mig á magninu,” segir Halla sem hefur stundað hreyfingu frá þriggja ára aldri þegar hún byrjaði í ballett.

„Ég fékk ógeð á ballett og fór í fimleika og prófaði margt annað. Ég er með mjög sterkbyggðan líkama og verð að passa mig að verða ekki of vöðvastælt, sér í lagi á öxlum og efri hluta líkamans. Ég á nefnilega á hættu að verða of karlmannleg,” segir hún hlæjandi.

### Gáfaðir karlmenn heilla

Í viðtali við Hér & nú völdu flestir strákarnir í Herra Íslandi Höllu sem eina kynþokkafyllstu íslensku konuna. Halla segist upp með sér en að þessir strákar séu ekki fyrir hana. „Um síðustu helgi bankaði nýkrýndur herra Ísland og vinir hans á rúðuna á bílnum mínum og voru eitthvað að reyna að ná sambandi við mig. Ég var á svo mikilli hraðferð og mátti ekki vera að þessari vitleysu og svo er náttúrulega stórhættulegt fyrir unga konu að hleypra hópi karlmanna upp í bílinn sinn í miðbænum. Sting upp á leigubíl fyrir herra Ísland og féлага um næstu helgi,” segir hún hlæjandi.

„Að mínu mati eru fegurðarsamkeppnir tímaskekkja og það að vera í svona keppni er ekki heillandi fyrir mig. Það þýðir þó ekki að þetta fólk hafi ekki eitthvað meira til brunns að bera. Það sem heillar mig mest eru gáfur og fullt af þeim og eitt sett af fállegum handleggjum er ekkert verra.



**Hæfileikarík** „Ég æfi alveg rosalega mikið og hef alltaf gert. Ég verð að halda mér í formi fyrir sýningar en bæði Footloose og Hafið bláa eru ofsalega krefjandi og erfiðar sýningar sem jafnast á við þriggja tíma fitubrennslu.“

**„Að mínu mati eru fegurðarsamkeppnir tímaskekkja og það að vera í svona keppni er ekki heillandi fyrir mig. Það þýðir þó ekki að þetta fólk hafi ekki eitthvað meira til brunns að bera.“**

En bara eitt sett,” segir Halla og bætir brosandri við að smekkur hennar á karlmönnum komi mörgum á óvart.

„Ég held að það sé mjög erfitt að heilla mig. Það þarf allavega mikið til og er ekki eitthvað sem gerist við fyrstu kynni. Hann þarf að koma mér á óvart og aðalat-

riðið er að vera gáfaðri en ég. Ég verð að geta borið virðingu fyrir heilanum í honum enda held ég að skemmtilegustu samböndin séu sambönd þar sem fólk dýrkar heila hvors annars,” segir hún og bætir við að henni þyki fátt skemmtilegra en að sitja með skemmtilegu fólki og ræða og rökræða heimsmálin og listir. „Já, hann verður líka að hafa áhuga á listum,” bætir hún við.

Aðspurð segist Halla ekki vera rómantísk. „Ég trúir ekki á ást við fyrstu sýn og hef aldrei verið fyrir einhver svona draumkennd sambönd og tilfinningar. Allt tekur vinnu, orku og einbeitingu og ég held að ástarsambönd séu þar ekki undanskilin.“

Aðspurð segist hún ekki hafa séð eigið brúðkaup í dýrðarljóma frá ungaaldrei. „Nei, takk! Alls ekki. En það þýðir hins vegar ekki að ég sé ekki voðalega skotin í kærastanum mínum. Mér finnst bara tilhugsunin um brúðkaup eitthvað voðalega pínleg.“

### Ung, barnlaus og til í allt

Halla er kynnr í þættinum X-Factor sem sýndur er á Stöð 2. Hún segir starfið algjöra draumavinnu en að hún hafi orðið vör við samanburð við Simma og Jóa. „Þeir eru náttúrulega frábærir og ég reyni ekki að fara þeirra leiðir. Þeir eru allt annar hlutur, karlkyns, tveir saman og í öðrum þætti. Ég

reyni að vera sem eðlilegust og er meðvituð um að vera ekki tilgerðarleg.

Það að vera góð leikkona þýðir ekki að maður sé góður þáttarstjórnandi og því hef ég reynt að aðskilja leikkonuna frá þáttarstjórnandanum,” segir hún en Halla skaust fram í sviðsljósið í fyrra eftir nám í Bretlandi. Hún segist alls ekki finna fyrir frægð en að það sé heiður að vinna fyrir Íslendinga. Það sé samt aldrei að vita nema hún fari út aftur enda sé umboðsmaðurinn hennar breskur.

„Ég ætla að verða fyrsti kvenkyns Bondinn,” segir hún hlæjandi og bætir við að hún ætli einfaldlega að sjá hvað framtíðin beri í skauti sér. „Ég er ung, barnlaus og með engar veraldlega skuldir á bakinu svo ég er alveg til í að leggja ýmislegt á mig, til dæmis að vera atvinnulaus og stressuð í útlöndum.

Við höfum það mjög gott hér á landi, lifum í einhverri þægindasápukúlu og ég vil læra að verða auðmjúk gagnvart lífinu og vinnunni. Ég hef leikið aðalhlutverkin í þremur stórum uppsetningum í þremur leikhúsum á árinu og ég get sagt að það eru ekki söngleikirnir sem heilla mig mest í augnablikinu. Þetta hefur verið alveg frábært en kannski komið nóg af söngleikjum í bili. Ætli ég byrji ekki að senda ferilskrána mína til kvikmyndaleikstjórnanna en bresku myndirnar heilla meira en Hollywood og svo sé ég bara hvað setur.“

indiana.hognu.is



**Halla Vilhjálmsdóttir** „Það sem heillar mig mest eru gáfur og fullt af þeim og eitt sett af fállegum handleggjum er ekkert verra. En bara eitt sett,” segir hún brosandri.

# Ógleymanleg og dramatísk saga



## Meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna

Saga Ólafíu Jóhannsdóttur er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverðri nítjándu öld og fram yfir aldamótin 1900. Hún er jafnframt saga skapríkrar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur um árabíl verið prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Bók hennar *Björg. Ævisaga Bjargar C. Þorláksson* hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2001.

JPV  
JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7  
101 Reykjavík  
Sími 575 5600  
www.jpv.is

# GLAMÚR OG GLÆSILEIKI TAKA VÖLDIN YFIR HÁTÍÐARNAR

„Þetta eru svokallaðir ljósmyndadagar hjá skólanum,“ segir Kolbrún Pálína Helgadóttir sem kennir föröun í Snyrtiakademíunni í Kópavogi ásamt Önnu Rún Frímansdóttur.

„Á þessum degi þurfa stúlkurnar að sýna hvað í þeim býr. Þær fá tvö módel sem þær þurfa að farða, sjá um stíliseringu á og koma vel frá sér. Módelin eru svo mynduð af faglærðum ljósmyndara og stúlkurnar fá svo myndir í möppuna sína. Þetta er mjög spennandi dagur og stelpurnar þurfa að vera búnar að leggja mikla vinnu í undirbúninginn.

## Glamúr og glæsileiki á jóluum

Það er óhætt að segja að það sé búin að vera frábær stemning hjá okkur í vetur enda með góða nemendum og svo vinnum við vel saman. Í skólanum fer fram 14 vikna nám í föröun. Markmiðið með náminu er að nemendurnir nái fullkomnum tökum á faginu, öðlist öryggi og verði

tilbúnir að fara út á vinnumarkaðinn. Við sinnum einnig hópum sem hafa áhuga á að koma á námskeið eina kvöldstund eða meira.

Glamúr og glæsileiki tekur alltaf völdin á jóluum. Konur fá tækifæri til að vera örlítið dramatískari í föröun á þessum tíma. Svartur, dökkblár og fjólublár eru sterkir litir í augnföröun þessa dagana. Gull og silfur er líka mjög áberandi og svo má ekki gleyma að bæta glimmerinu við þegar það á við. Fyrir þær sem þora er gaman að krydda tilveruna með fallegum rauðum varalit. Það verður ekki meira jóló en það.“

## Ertu komin í jólaskap?

„Ég er svo sannarlega komin í jólaskap. Ég er mikið jólabarn og hef alltaf verið. Það sem kemur mér í jólaskap eru kertaljós, ilmur af góðu jólakaffi og nýbökkuðum smákökunum, ljúfir jólatónar og notalegar samverustundir með fjölskyldunni.“



## Kolbrún Pálína ásamt Önnu

„Ég er útskrifaður föröunarmeistari frá skóla á Ítalíu en ég lærði þar árið 1999. Ég hef stökkið inn í fagið öðru hvoru síðan enda er þetta stórt áhugamál.“

**Þrjár sætar skutlur** Það er óhætt að segja að þær stöllu líti einstaklega vel út eftir að fimir föröunarfræðingar hafa skerpt á fegurð þeirra.



**Gull og silfur var áberandi** Aðallitirnir nú eru svartur, dökkblár og fjólublár, auk þess sem gull og silfur er nokkuð áberandi.

**Vandað sig með varalitinn** Fátt er kynþokkafyllra en rauðar djúsl varir.



**Glamúrinn fyrir jól** Litagleði jólanna endurspeglast í andlitum föröunarmódelanna þar sem litadýrðin er allsráðandi fyrir jól.

Smoothie  
FYRIR FÓLK SEM STUNÐAR HEILBRIGÐAN LÍFSTÍL



hollur og góður drykkur með hágæða próteinum  
Heilsudrykkur sem byggir á hollustu KEA skyrans  
áar hitaeiningar, náttúrulegir trefjar og án allra sætuefna  
Heilsudrykkur



# *Oslo gospelkórinn - ásamt hljómsveit*



## *Jóla gospel tónleikar í Grafarvogskirkju*

Hinn frábæri kór, Osló gospel kór er loksins að koma hingað til landsins og verður hér með tvenna glæsilega tónleika laugardaginn 16 des í Grafarvogskirkju kl: 18:00 og 21:00.

Osló gospel kór þykir einn sá besti í evrópu á sínu sviði og þótt víðar væri leitað. Kórinn er nánast bókaður allt árið um kring með tónleika útum allan heim. Þau hafa t.d. farið ár eftir ár til

Sviss gagngert til þess að halda jólatónleika og fylla þar stór tónleikahús. Svisslendingar geta vart haldið jólin hátiðleg án þess að fá þessa músikkölsku gesti ár hvert. Það er því mikill fengur af því að fá þau hingað til lands í ár. Efnisskráin á þessum tónleikum verður mjög fjölbreytt og vönduð, og bókað að fallegur flutningur þeirra mun koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

*Við skulum ekki láta  
þetta tækifæri fram  
hjá okkur fara*

*Miðasala er hafin hjá  
miði.is og í verzlunum  
Skífunnar og B.T. búðum*



**Elín Reynisdóttir** hefur starfað sem förðunarfræðingur í 13 ár. Sumir kalla hana stjórnusminku Íslands sökum þess hve hún er eftirsótt. Hér & nú spurði hana spjörnum úr um þátttöku hennar í Frægir í form.

# FRÆGIR Í FORM BREYTTI LÍFI MÍNU

*Hvað var það skemmtilegasta við að taka þátt í þættinum Frægir í form?*

„Fólkið. Að fá þetta erfiða verkefni sem var áskorun fyrir mig persónulega og að kynna öllu þessu ólíka og skemmtilega fólki,“ segir Elín Reynisdóttir sem var ein af þeim sem lagði sig fram við að bæta heilsuna í Frægir í form.

„Það var svolítið ævintýri að fá að taka þátt og reyndar mikil forréttindi að fá heila viku algjörlega fyrir sjálfa mig. Það var eldaður ofan í okkur ljúffengur og hollur matur. Alveg hugsað um okkur. Þetta var nánast eins og að fara á heilsuhæli í viku þar sem maður er bara tekinn algjörlega í gegn. Þetta var allt mjög jákvætt. Við, sem tókum þátt í átakinu, höfum

ákveðið að halda hópinn í framtíðinni eftir þessa góðu reynslu.“

*Kom eitthvað þér á óvart við gerð þáttanna?*

„Já. Það kom mér á óvart hvað allir voru skemmtilegir. Árni Johnsen var til dæmis frábær. Hann var alltaf að segja skemmtisögur og söng með gítarinn. Hefði ekki viljað sleppa því að kynna honum. Hann er æðislegur maður. Kom mér á óvart. Ég er mjög ánægð með að hann hafi náð kosningu, það má alveg koma fram.

Svo var allt starfsfólkið alveg frábært. Við fundum ekki mikið fyrir þeim þegar upptökur stóðu yfir því mikil vinátta myndaðist á milli okkar allra. Svo þótti mér gaman að sjá að allir sem unnu við gerð þáttanna smituðust af okkur

sem vorum í átaki og byrjuðu að fara út að skokka og þess háttar. Sminkan, myndatökumennirnir og líka þeir sem unnu við að elda fyrir okkur. Flestir tóku virkan þátt í átakinu.“

*Náðir þú árangri?*

„Já, ég náði árangri. Ég missti 6 kíló. Eða 5 kíló á sex vikum í þættinum. Núna ætla ég að ná nokkrum af í viðbót. Þátttaka mín í Frægir í form hefur hjálpað mér að breyta um lífsstíl.

Það erfiðasta er að muna að skipuleggja sig vel. Ég þarf til dæmis að passa mig að hafa alltaf mat í töskunni því ég er stöðugt á fleygiferð í

**Elín missti sex kíló við að taka þátt í raunveruleikaþættinum Frægir í form.**

vinnunni. Er með hnetur, ávexti og kjúklingabringur í nesti. Annars er ég í gleðikasti yfir að mandarínur eru núna komnar í búðirnar.

Ég hélt að þátturinn yrði eins og matarboð en efnið var klippt

**Framhald á næstu opnu**



MÓTANDI MASKARI – GEFUR ÞÉR  
DJÖRF OG ÁBERANDI AUGU!

NÝR  
**LASH STYLIST™**  
MASKARI

V-LAGA GREIÐA GERIR AUGNHÁRIN  
SÉRLEGA ÞYKK OG ÁBERANDI.

Silkimjúkt innihald og hin einstaka v-laga greiða  
gefur augnhárunum einstaka lyftingu og þykkt.

[maybelline.com](http://maybelline.com)

**MAYBELLINE®**  
NEW YORK

MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE.®

Adriana sést hér með nýja Lash Stylist™ maskarann í litnum Very Black.



niður og vel útfært fyrir áhorfendur. Ætli aðalmálð sé ekki að borða rétt og borða ekki á kvöldin. Þeir sem eiga það sameiginlegt að vera feitir er að þeir borða ekkert í marga klukkutíma og borða allt of mikið á kvöldin. Háma í sig og svelta sig þess á milli. Mér skilst að súmóglímukapparnir geri það,“

segir Elín brosandí og opinská um átakið.

*Hefur þú fengið viðbrögð við þáttöku þinni í þættinum?*

„Ég hef fengið ein neikvæð viðbrögð. Það er varðandi nafn þáttarins. Ég er þeirrar skoðunar að nafnið sé hallærislegt því ég er jú ekkert fræg en ég réði auðvitað

engu um það. Við fengum fullt af fötum gefins en ég nota þau ekki því þau eru merkt í bak og fyrir. Fer ekki í ræktina með risastórt lógó „Frægir í form“ á bakinu.“

*Hvernig lagðist þetta í fjölskylduna þína?*

„Þau komu í heimsókn í eitt skipti alveg óvænt. Komu við í hálf tímasunnudagsbílúr. Annars voru þau rosalega spennt yfir þessu. Maðurinn minn, Már Ormarrsson, er reyndar flottari en flestir því hann er í góðu formi. Hann er á fullu í Boot Camp. Við æfum saman í hádeginu og stundum á morgnana. Hann er megakroppur. Ég fékk mér um daginn súkkulaði og þá sagði sonur minn, Oliver sem er 11 ára: Mamma, þú verður að hugsa áður en þú borðar,“ segir Elín skellihlējandi en þau Már eiga einnig 6 ára dóttur, Kolbrúnu Maríu.

**Elín Reynisdóttir farðar fyrirsætu en hún er ein af þeim sem notar lítið smink en gerir mikið fyrir þá sem setjast í stólinn hjá henni.**

### Stjörnuminka Íslands

„RÚV er einn besti vinnustaður sem ég hef starfað á. Þar er mjög góður andi,“ svarar hún aðspurð um starfið og bætir við: „En fyrir utan að starfa þar er ég frílans sminka nánast úti um allt og þá vinn ég fyrir blöð, bæklinga og svo kemur fyrir að ég tek eina og eina auglýsingu.“

*Hvert er skemmtilegasta verkefnið sem þú hefur unnið við á ferlinum?*


„Langskemmtilegasta verkefnið er Eurovision-ferðin með Selmu til Úkraínu árið 2005. Ég bókstaflega elska Selmu Björnsdóttur fyrir að láta drauminn minn rætast. Hún mun alltaf vera í upphaldi hjá mér því hún gaf mér fyrir löngu tækifæri þegar hún var sjálf í hljómsveitinni Fantasiú. Annars vona ég að ég fái að fara aftur í Eurovision því ég er Eurvisonfan.“

Ef ég fæ ekki vinnu tengda keppninni næst er spurning hvort ég fari með Guðrúnu Gunnars því





**Elin ásamt Hildi Hafstein stílista og Svavari Erni hárgreiðslumanni í Kíev í Úkraínu árið 2005.**



**Oprah Winfrey og Beyoncé eru „draumafórnarlömb“ Elinar þegar kemur að förðun. Elin hefur meðal annars farðað Dorrit og Harry Belafonte.**

sléttur í framan, rúmlega 70 ára gamall. Það var mikil og jákvæð orka í kringum hann.“

*Þú hefur farðað fyrir forsiður Hér & nú. Hvernig hefur það gengið?*

„Mjög vel. Ég hef aldrei lent í neinum með stjörnutæla. Held að þeir sem hafa komist langt séu með minnstu stjörnutælanum. Það er þannig bæði hérlendis og erlendis. Fólk er mannlegt og ekki síður ef það hefur náð árangri í lífinu. Ekta stjórnur eru ekki með stjörnutæla.“

*Hvert er „draumafórnarlömbið“ í förðunarstólnum?*

„Það væri Oprah Winfrey af því ég hef séð hana ómálaða. Held það sé svolítið mál að farða hana og gera hana flotta. Finnst hún ekki nægilega flott í þáttunum og langar að gera hana sæta. Einnig væri ég til í að farða Beyoncé. En ef það væri karlmaður, þá væri það John Travolta en hann hefur alltaf verið goðið mitt frá því ég var yngri. Þótt hann sé feitur eða gamall, þá er hann alltaf jafn æðislegur.“

*Hver eru áhugamál þín?*

„Áhugamálin mín eru starfið því ég er alltaf að skoða það sem er nýtt. Ég hef mikinn áhuga á starfinu og að ferðast innanlands og utan. Svo eru það börnin mín og fjölskyldan sem eru númer eitt, tvö og þrjú. Þegar maður er á þeytingi eins og ég út um allan bæ og maðurinn er líka í vaktavinnu

**Elin farðaði Svövu Johansen í Sautján fyrir forsiðu Hér & nú. Útkoman var glæsileg.**

þurfum við að púsla tímanum saman. Ömmurnar og afarnir hafa algjörlega bjargað okkur. Ég gæti ekki hugsað mér lífið án þeirra og veit ekki hvernig ég færi að án þeirra.“

*Hvernig er stemningin hjá fjölskyldunni þinni fyrir jólin?*

„Við erum nú þegar búin að baka piparkökurnar en börnin fá alltaf að baka piparkökur og mála þær. Svo byrjum við snemma að spila jólalög alveg á fullu og setjum sérir í alla glugga ekki seinna en 1. desember. Við erum mikið jólafólk og höldum fast í hefðirnar. Borðum til dæmis hamborgarhygg þótt hann sé ekki í uppáhaldi,“ segir Elin að lokum sérstaklega kát og með góða nærveru.

elly@365.is



**Elin æfir af krafti í Boot Camp.**

hún ætlar að fara á eigin vegum. Hún er líka fan,“ segir Elin og hlær og heldur áfram: „Annars hef ég málað flesta íslenska leikara, fyrirsætur, fegurðardrottningar og stjórnmálammenn. Það er ein manneskja á Íslandi sem ég hef

ekki málað. Það er Björk Guðmundsdóttir.“

*Hefur þú farðað Dorrit?*

„Já. Ég fór á Bessastaði í jólamyndatöku og málaði hana. Hún Dorrit er frábær manneskja. Í myndatökuna kom hún með enska jólaköku sem var flamberuð að enskum sið. Hún útbjó hana sérstaklega handa mér, ljósmyndurunum og blaðamanninum því hún vildi endilega leyfa okkur að smakka enska jólaköku. Það eru ekki til stjörnutælar í henni. Hún er einfaldlega yndisleg manneskja þessi kona. Einnig fannst mér merkilegt að farða Vigdís Finnbogadóttur. Hún er yndisleg.“

*Hefur þú farðað erlendar stjórnur?*

„Já, og þá er gaman að nefna Yoko Ono og Cherie Blair en hún var alveg á jörðinni og ósköp ljúf og góð kona. Strákabandið Take That og Harry Belafonte. Hann er með æðislegri mönnum sem ég veit um. Hann er einn fallegasti maður sem ég hef séð. Alveg



# 60 SEKÚNDUR

Hér & nú átti 60 sekúndur með **Stefáni Mána** rithöfund og spurði hann meðal annars út í velgengnina.

## Ertu fjölskyldumaður?

„Já.“

## Góður fjölskyldumaður?

„Örugglega ekki. Nei, ég veit það ekki.“

## Áttu börn?

„Já. Ég á tvö börn. Þau eru fimm ára og eins árs.“

## Hvernig höndlar þú velgengnina?

„Ófsalega vel.“

## Ertu jarðtengdur?

„Já, ég er það. Er í ótrúlega góðu jafnvægi.“

## Hvernig líður dagurinn hjá þér?

„Voðalega venjulegur. Fer með stelpuna á leikskólann og síðan á skrifstofu úti í bæ. Vinn þar til ég er þurrausinn. Síðan kaupi ég í matinn og sæki stelpuna á leikskólann. Hef verið með skrifstofu síðan stelpan fæddist. Málið er að mæta í vinnuna.“

## Ertu stundum einmana?

„Nei. Ég er aldrei einmana þegar ég er einn.“

## Þú ert í tvíburamerkinu – ekki satt?

„Jú.“

## Og hefur þar af leiðandi tvær hliðar?

„Ójá.“



Jón Atli, Bubbi og Stefán Máni á góðri stund.



Stefán Máni er fjölskyldumaður.

# TVÍBURI MEÐ TVÆR HLIÐAR

## Hver er góða hliðin á þér?

„Hún er í símanum núna.“

## En dökka hliðin?

„Hún svarar aldrei símanum.“

## Hvernig ferðu að því að skrifa bók eins og Skipið?

„Þetta er bara. Ég veit það ekki. Það er hálfgerð „meditation“. Ef maður veit hvað maður ætlar að gera og byrjar með einn þráð og eltir hann, þá kemur þetta. Ef maður er með fullmótaðar persónur í höfðinu, þá hjálpar það mikið. Þetta gerir sig svolítið sjálft. Maður stillir þessu upp og reynir að hafa stjórn á þessu.“



Stefán Máni var nýu mánuði að skrifa Skipið sem verður væntanlega metsölubókin í ár.

## Berðu skrifin undir einhvern?

„Nei.“

## Hvað tók langan tíma að skrifa Skipið?

„Níu mánuði.“

## Jæja, mínútan er þá á enda. Hvert ætlar þú?

„Veit það ekki. Ég veit ekkert hvar ég enda. Stefán var snemma tekinn á sjálfstæði. Ég hef náð því og styrki það sjálfstæði.“

## Verður maður ríkur af að vera Stefán Máni?

„Já.“

elly@365.is

## Seðjandi tilboð fyrir þá sem sækja...

Stór Pizza með 3 áleggjum  
1.590-

Stór Pizza með 3 áleggjum,  
brauðstangir og 2ltr. gos  
1.890-

Shake með pizzu  
250-



100%  
íslenskur  
ostur

Mjódd  
Dalbraut  
Hjarðarhaga



5 68 68 68

Líklegga mesta úrval  
landsins af “second  
hand” fatnaði.

Troðfullt af nýjum básum  
og allt á ótrúlegu verði.

Opíð um helgina frá 11-17.

**KOLAPORTIÐ**

# DANSA YFIR HÁTÍÐARNAR

**J**á, heldur betur," svarar Ásgeir Þór, eða Geiri, sem rekur súlustaðinn Goldfinger þegar við spyrjum hann hvort hann sé kominn í jólasþap. „Við erum alltaf með jólaveislu fyrir stelpurnar sem vinna hjá okkur og höldum þá veglega veislu. Yfir áramótin skjótum við upp flugeldum. Ég reyni eins og ég get að hugsa um stelpurnar svo engum leiðist.

Hér áður fyrr var maður í vandræðum með að fá stelpur í vinnu en nú er mun auðveldara því þær búa allar vel hjá mér. Þær sem eiga

börn skiptast á að passa fyrir hver aðra.“

## Hvernig vinna dansarnir yfir hátíðarnar?

„Þær dansa alveg fram að jólu- og dansa eins lengi og opnunartímar leyfa yfir hátíðarnar. Stuttu eftir miðnætti á gamlárskvöld byrja þær að dansa. Þær fara vissulega í jólabúning. Þá dansa þær með jólasveinahúfur og eru í stuttum jólapílsum. Viðskiptavinir okkar taka vel í það. Þeim finnst það alveg meiriháttar.“

Þessi lendir vonandi ekki í jólakettinum.



Geiri með dóttursyni sínum og nafna, Ásgeiri Þór.



Dansarnir settu upp jólahúfur og brostu sínu blíðasta.



## Hvað eldar þú á aðfangadag?

„Ég byrja nú yfirleitt á því að sjóða hangikjötið í hádeginu svo jólalyktin komi í húsið. Það er annars misjafnt. Mig minnir að það hafi verið kalkúnn í fyrra en konan mín er yfirleitt með rússneska tertu og rússneskt jólasalat. Þetta er terta sem er búin til úr skyrri. Ægilega góð á bragðið.“

Geiri og jólasveinarnir.



# SÆTAR SYSTUR Á TÓNLEIKUM

**T**ónleikar til heiðurs John Lennon þar sem Sílfónihljómsveit Íslands flutti lög eftir hann voru haldnir í Háskólabíói um síðustu helgi. Fallegar systur á meðal tónleikagesta vöktu athygli Hér & nú. Þær Camilla söngkona í Nylon og systir hennar Sólborg og systurnar Þórunn Erna leikkona og Ragnheiður Elín fyrrverandi sjónvarpsþular voru þeirra á meðal.




Þórunn Erna Clausen leikkona og sjónvarpsþular fyrrverandi Ragnheiður Elín Clausen voru svakalega sætar í flottum stígvælum.



Nylon-söngkonan Camilla og Sólborg systir hennar ásamt foreldrum sínum Sigurði Steinþórssyni og Kristjönu Ólafsdóttur.





# 4th floor hotel

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

## Vetrartilboð

1. nóvember - 1. maí

### 4th floor hotel

Laugarvegur 101

Reykjavík

Sími 511 3030

Fax 511 3033

4thfloorhotel.is

1 manns herbergi kr. 5.900

2ja manna herbergi kr. 7.900

Hópar 10+ kr. 5.000 á mann

Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi



Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

## AUDIO.IS



Magnarar verð  
frá 7990kr



Hágæða radavarar á  
mjög góðu verði



Neon, strope og xenon í  
öllum stærðum og gerðum



Bassakeilur  
frá 6900kr



Loftsiur og kraftkútar  
á frábæru verði

Audio.is er að fyna á netinu  
og í verslunarmiðstöðinni  
Eiðistorgi Seltjarnarnesi

Hægt er að nálgast vörur okkar á bónstöðinni Akureyri og bón og púst Egilstöðum.

Við erum alltaf við símann s: 5783333/ 6901900.

Opnunartími hjá okkur er 14:00 - 16: 30 alla virka daga en suma daga vikunnar 14:00 - 18:00.



# hér&nú KROSSGÁTAN



17	TRÚGJARN	TRYGGINGA-FÉLAG	HAND-LEGGIR	LANG-DREGIÐ HLJÓÐ	TVEIR EINS
MP & BH					
FÍFLAST					
UMTURNUN					
MÁLMUR					



	EINS UM N	Ð FLJÓTFÆRNI			Í RÖÐ BOLA		HLÝJU	↓	↻	RÉTTUR DRASL	PRÓKÚRA	1005 STÚDÍÓ	↻
GABBAR						LÍKAMS- HLUTI TÓN						SAM- HLJÓÐAR NÚLL	
PRÓFGRÁÐA			KLUKKA		1000 500				SJÚKDOMUR		KK NAFN DESILÍTRI		



										HAGLABYSSA		MÁL- PRÁÐS	
									SAMTÖK TVEIR EINS		BARDAGI		
							SETT						
							KALORÍUR				BATNA		
							MEGIN SÆLUTIL- FINNINGIN		TVEIR EINS				



			HREINSI- EFNI	LOFTA NEMA								ADALSTÍLL	HEILA
										BLÓÐSUGA STÓRT HERBERGI			
											EINS UM F		
			KEXTEGUND										
			LÉLEGA					AFHENDING					
									DRAGA ÚR				





Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

Hrúturinn (21. mars–19. apríl)

### Smáatriðin skipta máli

Hér er minnst á að þú hefur sjaldséðan mátt til að lækna og eyða, þegar ástin er annars vegar, og hvortveggja í miklum máli. Af heildarinnar sprettur ekki af því að elttast við ímyndanir annarra heldur kemur það aðeins af djúpum skilningi manns á eigin sálu og hæfileikum, af einlægrri virðingu fyrir jörðinni sem við lifum á og erum sprottin úr. Þú ættir að auka svigrúm þitt mun betur til að hafa góð áhrif á fólkid sem þú unnir og mundu að engin athöfn er einskis verð þar sem jafnvel minnsti verknaður getur haft ómæld áhrif á framhaldið.



**Elva Dögg Melsted**  
fædd 14. febrúar 1979

### Hlustaðu á líkamann

Líkami þinn mun án efa segja þér hvert stefnir hér í byrjun desember en stundum er eins og þú sért ekki viss um að þú sért í raun að eyða dýrmætum tíma þínum í réttu hluti í tilverunni. Einhver órói kemur fram hér sem tengist fólk í merki fiska fyrir hluta desember. Ef þú finnur fyrir slíku, mun þessi tilfinning torvelða öllu orkuflæði milli þín og máttarsviðs heimsins. Þú ættir að einblína fyrst og fremst á jákvæðar hugsanir þínar. Þú tekur endanlega ákvörðun í lok janúarmánaðar varðandi mál sem á huga þinn. Ef þú ert ekki viss, skaltu ekki ana út í neina vitleysu. Taktu þér tíma.



**Arnar og Bjarki Gunnlaugs-synir**  
fæddir 6. mars 1973

### Ekki berjast gegn innsæinu

Ef þú stendur frammi fyrir einhverri ákvörðun sem er þér óvísða af einhverjum ástæðum er þér bent á að fá fjölskyldu þína eða vini með í ráðin. Þótt þú kjósis að sýna sjálfstæði er þér ráðlagt að huga vel að gjörðum þínum í desembermánuði. Mundu að gefa ættingjum og vinum tíma þinn, þú sérð ekki eftir því síðar meir. Ekki berjast gegn innsæi þínu.



**Bogi Ágústsson**  
fæddur 6. apríl 1952

Nautið (20. apríl–20. maí)

Tvíburarnir (21. maí–21. júní)

Krabbinn (22. júní–22. júlí)

### Stundum eru árekstrar óhjákvæmlegir

Þú ættir að viðurkenna að árekstrar eru óhjákvæmlegir þegar eitthvert mál sem þú þekkir best sjálf/ur er annars vegar og átta þig á því að þú ræður við tilfinningar þínar ef þú tjáir þær þegar þær koma upp. Þú hefur mikinn viljastyrk, festu og næga greind til að vernda þig fyrir smávægilegum erfiðleikum sem koma í veg fyrir að þú upplifir þinn innsta þrár þessa dagana.



**Vilhjálmur P. Vilhjálmsson**  
fæddur 26. apríl 1946

### Opnaðu þig og elskaðu

Fólk fætt undir stjörnu tvíbura er minnt á það sérstaklega þessa dagana að vera ekki hrætt við að elska en þú átt af einhverjum ástæðum í erfiðleikum með að sleppa tilfinningum þínum lausum án tryggingar um að fá þær endurgoldnar. Stærsta gjöf sem þú getur veitt þeim sem þú elskar og þráir er að þú opnir og bjóðir þig fullkomlega og getur þá á móti hjálpað viðkomandi félagi eða elskhuga að opna sig einnig. Ekki streitast á móti löngunum hjartans.



**Róbert Marshall**  
fæddur 31. maí 1971

### Ekki láta aðra ákveða fyrir þig

Hér sýnir stjarna þín að förin framundan er jákvæð fyrir þig. Ef þú, ósjálfrátt, lætur fólk og jafnvel aðstæður ákveða viðbrögð þín, stafar það eingöngu af því að þú hefur gleymt að þér var gefið valfrelsi. Orka þín kemur fram og segir hér að þú ættir að hafa taumhald á henni og einbeita þér að einu verkefni í einu í stað þess að hafa mörg járn í eldinum. Vegna ákafa þíns ert þú forystumanneskja og ert án efa fremst/ur eða í forsvari. Nýttu hæfileika þína fyrst og fremst fyrir þig og þína næstu vikur.



**Þórey Edda Elisdóttir**  
fædd 30. júní 1977

Ljónið (23. júlí–22. ágúst)

Meyjan (23. ágúst–22. sept.)

Vogin (23. sept.–23. okt.)

### Gróði birtist

Fyrirboði um fjárhagsgróða birtist hjá stjörnu Ljónsins og ekki síður andlegt jafnvægi sem yfir undir breytileika framtíðar. Hlustaðu vel á lífsins hljómkviðu og reyndu að bera kennsl á það sem er gefandi því hér er verið að koma til þín skilaboðum varðandi eitthvað sem á huga þinn dagana framundan.



**Kolbrún Bergþórsdóttir**  
fædd 25. júlí 1957

### Nærðu ástina

Athugaðu þessa dagana hvernig hvert svar kemur hugsunum þínum til skila, kæra meyjá. Sjálf þitt er stórt og mjög viðkvæmt á þessum árstíma og þú reynir að virðast ekki særð/ur um þessar mundir með því að reiddast ástíni á einhvern hátt. Þú verður að læra að næra ást þína mun betur en þú hefur tileinkað þér.



**Gerður G. Bjarklind**  
fædd 10. september 1942

### Hlustaðu betur

Lærðu að hlusta betur, hvort sem þú samþykkir það sem þú heyrir eða ekki. Ekki skipta þér af því sem kemur þér ekki við en það eitt auðveldar líf þitt og gerir það bjartara. Einnig er þér ráðlagt að minna sjálfíð á að láta þína eigin vitund líðandi stundar birtast í starfi/námi þínu. Hlustaðu á kjarna þinn enn betur en þú ert vanur/vön og fyrir alla muni, ekki eyða orku þinni í að gagnrýna aðra því þar á sér einungis stað svokallaður orkuleiki.



**Ólöf Rún Skúladóttir**  
fædd 4. október 1961

Sporðdrekin (24. okt.–21. nóv.)

Bogmaðurinn (22. nóv.–21. des.)

Steingeitin (22. des.–19. jan.)

### Ekki einblína á veraldleg gæði

Göfugleiki birtist samhliða stjörnu þinni. Þú ert fær um að umbreyta ávinningi gærdagsins í þágu morgundagsins þegar þú kærir þig um. Þú ættir að sama skapi að undirbúa þig fyrir fegurð framtíðar sem birtist hér á sama tíma og hlutverk þitt breytist umtalsvert. Veraldlega völd segja eingöngu til um falskt öryggi og það veistu vel.



**Helga Braga Jónsdóttir**  
fædd 5. nóvember 1964

### Einbeittu þér að því sem skiptir máli


Þú ert jafningi vina þinna en þann eiginleika skaltu nota og sjá, heimurinn verður einfaldlega þinn með ómeðvitaðri tilstuðlan þinni. Friður ríkir hér eftir einhver átök sem hafa einkennt samband þitt við vin/konu eða elskhuga þinn um nokkurt skeið. Sólskin og heiðblár himinn birtist samhliða stjörnu bogmanns sem segir til um almenna vellíðan. Gættu þess að dæma ekki aðra að ósekju og hugaðu fyrst og fremst að eigin málum fram yfir hátiðarnar. Einbeittu þér að því sem gleður þig og þér þykir auðvelt viðureignar.



**Ari Trausti Guðmundsson**  
fæddur 3. desember 1948


### Tákn sæmdar birtist

Tákn heiðurs og sæmdar kemur fram hérna en einungis þegar þú sjálf/ur ákveður hvert þú ætlar þér. Leyfðu tímanum að vinna með þér en ekki sóa tíma þínum til einskis. Þú ættir að finna nýjan farveg fyrir áhugamálin þín af einhverjum ástæðum árið framundan. Næstu daga mun eflaust reyna á gáfur þínar og ekki síður hagsýni til að ryðja smávægilegum hindrunum úr vegi en hvað það er kemur ekki fram.



**Þorgrímur Þráinsson**  
fæddur 8. janúar 1959

# Sérverslun með kvensílfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn,  
settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og  
gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

# bístró

2.tbl. 2006, verð 950 kr. m. vsk.

*tímarit um mat & vín*

## Hátíðablaðið

Uppskriftin að góðum jólum

Villibráð á hátíðaborðið

Grænmetisjól með Valentínu

Þorri velur hátíðavinin



Sælkerasteikur á stórhátíð & Ný jól, gamlar hefðir  
Kíkt á kokkinn & Smáréttir í partíið & Jólarjúpan hamflett

Sósur fyrir hátíðarnar & Bístró velur besta kampavinið & Til á tíu

Hátíðablað Bístró er komið út!  
NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

ÓMÓTSTÆÐILEGT  
ÁSKRIFTARTILBOÐ  
**650 KR. Á MÁNUÐI\***

Fyrsta blaðið frítt og  
tappatogari fylgir með!

Við framlengjum  
áskriftartilboðið til  
19. desember 2006!

Áskrift á [www.bistro.is](http://www.bistro.is)  
eða í síma: 550 5060



**Pils 2990,-**

**VERO MODA®**

[www.veromoda.is](http://www.veromoda.is)

**full búð**  
af jólagjöfum...



Laugavegur 42 - [www.pumabudin.is](http://www.pumabudin.is)

Sími 551 5599